



Stjórn SSH 397. fundur

Mánudaginn 2. desember 2013 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Gunnar Einarsson, Jón Gnarr Kristinsson, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Ásgerður Halldórsdóttir og Ármann Kr. Ólafsson.

Forföll: Haraldur Sverrisson og Guðný Ívarsdóttir

Ennfremur: S. Björn Blöndal aðstoðarmaður borgarstjóra

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. **Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins – nýr samstarfssamningur**

Ómar Einarsson, forstöðumaður ÍTR sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Eftirfarandi gögn lágu fyrir:

- a) Minnisblað framkvæmdastjóra.
- b) Samningstexti vegna nýs samstarfssamnings um rekstur skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins
- c) Tillaga að þjónustusamningi við ÍTR á grundvelli ákvæða samningstexta sbr. b) lið
- d) Bókun borgarráðs frá 14. nóvember 2013
- e) Bókun bæjarráðs Kópavogs frá 28. nóvember 2013.

Umræður

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra og forstöðumanni ÍTR falið að ganga endanlega frá samningstexta og fylgiskjölum til undirritunar.

2. **Undirbúningur á útboði á akstri fyrir fatlað fólk.**

Hörður Hilmarsson, formaður vinnuhóps v. undirbúnings sameiginlegs útboðs á akstri fyrir fatlað fólk sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fundi sem kallað var til með fulltrúum Strætó bs. og formanni vinnuhópsins í kjölfar athugasemda vegna afgreiðslu stjórnar á erindi Strætó bs. v. Flex þjónustu og akstursþjónustu fyrir fatlað fólk, sbr. 3. mál 395. fundar.

Hörður Hilmarsson fór yfir skoðun vinnuhópsins á þeim tillögum sem Strætó bs. hefur sett fram og upplýsti að það væri mat hópsins, eftir þá skoðun að mæla með því að tillögurnar verði skoðaðar áfram sem mögulegur kostur til að leysa stjórnsýslu- og umsýsluþátt verkefnisins.

Niðurstaða:

Að fengnum framangreindum upplýsingum fellst stjórn á tillögu vinnuhópsins og felur honum að vinna málið áfram.

3. **Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og endurskoðun vatnsverndar höfuðborgarsvæðisins**
Hrafnkell Proppé svæðisskipulagsstjóri mætti á fundinn undir þessum dagskrárlið og fór yfir stöðu vinnu við framangreind verkefni og tímaplan vegna vinnu framundan.
4. **SORPA bs. – eigendasamkomulag – skipan stýrihóps.**
Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra vegna málsins.

Samþykkt var, í samræmi við 1. grein eigendasamkomulags frá 25. október 2013, að stýrihópurinn verði skipaður sem hér segir:

SORPA bs.
Margrét Gaua Magnúsdóttir, stjórnarformaður (Hafnarfjörður)
Karl Sigurðsson (Reykjavík)

Mosfellsbær
Haraldur Sverrisson

Fjármálastjórar
Ingólfur Arnarsson (Kópavogur)

Fulltrúi eigendavettvangs:
Gunnar Einarsson (Garðabær)

Með hópnum starfi:
Björn H. Halldórsson – framkvæmdastjóri SORPU bs.
Páll Guðjónsson, framkvæmdastjóri SSH.

5. **Málefni Strætó bs**
Fyrir lágu eftirfarandi erindi frá Stætó bs varðandi:

- a) Val á endurskoðanda
- b) Útboð á tryggingum
- c) Vagnakaup

Liður a) kallar á staðfestingu eigendavettvangs á vali endurskoðanda, liðir b) og c) eru til upplýsinga. Framkvæmdastjóra falið að færa staðfestingu vegna a) liðar í gerðarbók eigendavettvangs.

6. **Önnur mál**

- a) **Starfsmannamál**

Framkvæmdastjóri vék af fundi.

Rætt um endurskoðun á ráðningarsamningi framkvæmdastjóra sbr. fundargerð stjórnar 31. október sl.

Niðurstaða:

Formanni falið að ganga frá breytingu á ráðningarsamningi í samræmi við umræður á fundinum.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13:40